

Samþykkt

um lendingarsjóð í Súgandafirði.

Sýslunefndin í Vestur-Ísafjarðarsýslu hefir, samkvæmt lögum nr. 28 frá 4. des. 1877, lögum nr. 52 frá 20. des. 1901, lögum nr. 53 frá 10. nóv. 1905, lögum nr. 28 frá 11. júlí 1911 og lögum nr. 27 frá 22. okt. 1912, gert og hjer-aðsfundur fallist á eftirfylgjandi samþykkt um lendingarsjóð í Súgandafirði.

1. gr.

Af bátum alt að 15 smálestum, er ganga til fiskiveiða í Súgandafirði, skal greiða í lendingarsjóð 1 kr. 50 au. af hverjum vertíðarhlut.

2. gr.

Hreppsnefnd innheimtir gjald þetta; greiðir formaður það í peningum af óskiftum afla áður en vertíð er lokið í Súgandafirði. Innheimtumaður fær 2% í innheimtulaun. Taka má gjald þetta lögtaki, sje það eigi greitt á rjettum tíma.

3. gr.

Hreppsnefndaroddviti semur skýrslu yfir alla þá, er gjald þetta eiga að greiða, og sendir hana oddvita sýslunefndar ásamt gjaldinu fyrir lok október-mánaðar ár hvert.

4. gr.

Gjaldið skal ávaxtað í sjerstökum sjóði, er kallast Lendingarsjóður Súg-firðinga. Annast sýslunefnd um að sjóðurinn sje ávaxtaður á sem tryggastan og haganlegastan hátt.

5. gr.

Fje sjóðsins skal varið til að bæta bátalegu eða lendingu á Suðureyri í Súgandafirði.

Sýslunefnd ákveður, hvenær byrja skal að veita fje úr sjóðnum til lendingabóta.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 14. apríl 1914.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.